

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 16. ágúst síðastliðinn deiliskipulag 1. áfanga íbúðarbyggðar í Urriðaholti.

Deiliskipulagssvæðið er um 28 ha og er í vestanverðu Urriðaholti og hallar landi að Urriðakotsvatni. Gert er ráð fyrir 357-377 íbúðareiningum, þar af eru 58 í einbýli, 79 í rað- og parhúsum og 220-240 í fjölbýli. Auk íbúðarhúsa er gert ráð fyrir leikskóla, grunnskóla, spennistöð, símsstöð, reit fyrir þjónustubyggingu á útivistarsvæði og lóð fyrir endurvinnslu- mottöku. Aðkoma að svæðinu er um Hóltsveg sem tengist Urriðaholtsstræti og Reykjanesbraut til norðvesturs og Elliðavatnsvegi til suðurs. Samkvæmt rammaskipulagi verður síðar aðkoma að svæðinu um Lindastræti á háholtinu. Íbúðarbyggðin er nær öll 2ja-3ja hæða og einkennist af skýrt afmörkuðum götumyndum þar sem áhersla er lögð á aðlaðandi göturými og aðgerðir til að draga úr umferðarhraða. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016 og við tillögu að rammaskipulagi Urriðaholts.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar á sama fundi þann 16. ágúst var veitt framkvæmdaleyfi fyrir uppbyggingu 1. áfanga íbúðarbyggðar í Urriðaholti og tekur það gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur hér með gildi.

*Garðabæ, 17. september 2007.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2007